



Kópavogsbæi

Leikskólinn Efstihjalli



Leikskólar Kópavogs
Starfsáætlun 2025 – 2026

Efnisyfirlit

1. Formáli	4
2. Inngangur	4
3. Skólastarfið/Leiðarljós	5
4. Mat á skólastarfi	6
Innra mat leikskólans	6
Ytra mat	8
Skólapúlsinn meðal starfsmanna vor 2025	8
Skólapúlsinn meðal foreldra vor 2025	9
Heilbrigðiseftirlit	10
Eldvarnareftirlit. Farið er yfir eldvarnir mánaðarlega	10
5. Umbótaáætlun	11
6. Áherslur í starfi leikskólans	11
7. Próunar- og nýbreytnistarf	12
8. Foreldrasamstarf	13
Foreldraráð	13
Foreldrafélag	13
10. Símenntunaráætlun	14
Skipulagsdagar	14
11. Aðrar upplýsingar	14
12. Húsnæði og lóð	15
Skólaárið 2024 - 2025	15
Ósk um viðhald skólaárið 2025 – 2026	15
13. Öryggismál	15
14. Lokaorð	16
15. Fylgigögn	16

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun	16
Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun.....	16
Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal	16
Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs.....	16

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Þegar er horft yfir skólaárið 2024-2025 kemur orðið *breyting* sterklega fram. Á skólaárinu var dagskipulagi breytt sem hafði það í för með sér að starfshættir breyttust og að leikurinn fékk enn meira vægi í skólastarfinu. Að auki var aldursdreifingu á deildunum breytt sem og aðferðum í sérkennslu.

Upphaf breytinganna má m.a. rekja til nýrrar aðalnámskrár leikskóla þar sem kveðið er á um mikilvægi leiks og að hann eigi að fá gott rými í leikskólum landsins sem og að finna leiðir til að auka gæði menntunar í leikskólanum. Til að ná þessum markmiðum var aldursdreifingu á deildum breytt þannig að hvert barn dvelur lengur á hverri deild heldur en áður. Þannig myndast meiri samfella í námi barnanna og tengslin sem myndast á deildinni raskast sem minnst. Þá var dagskipulagi á deildunum breytt til að auka vægi leiksins, sem er helsta námsleið barna. Til að efla leikinn enn frekar var leikumhverfi barnanna bætt sem og hljóðvist á svæðum barnanna. Þegar leikurinn fær meira vægi í dagskipulaginu þarf að breyta starfsháttum, t.d. hvernig málörvun er sinnt. Til auka gæði sérkennslunnar var starfsaðferðum sérkennara breytt. Myndað var sérkennsluteymi, Litahellir, sem fer á milli deilda til að sinna sérkennslu.


Skólaárið 2025-2026 mun einkennast af fínþússningu á áður nefndum breytingum og festa þær enn betur í sessi. Það munum við gera með því að efla leikinn enn frekar, með fræðslu til

starfsfólks um hvernig er hægt að veita börnum gæða menntun í gegnum leik, hlutverk starfsfólks í leik barna og hvernig umhverfið ýtir undir forvitni, áhuga og nám barna. Þá munum við halda áfram að auka gæði málörvunar í daglegu starfi. Líkt og á síðasta skólaári er starfandi verkefnastjóri málörvunar sem hefur það hlutverk að halda utan um málörvun og skimanir, fræða starfsfólk og sinna málörvun í leik og skipulögðum stundum. Breyttar aðferðir í sérkennslu munu halda áfram að þróast undir leiðsögn nýs sérkennslustjóra.

Að auki verður lögð áhersla á læsi þar sem verður tekið saman hvernig er unnið með læsi í Efstahjalla, hvar við getum gert betur og innleidd vinnubrögð í takt við niðurstöður.

3. Skólastarfið/Leiðarljós

Leiðarljós leikskólans Efstahjalla eru: Fjölmennning, Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og sköpun. Grunnurinn að því að skapa gæða leikskólastarf eru samskipti og rauði þráðurinn í gegnum starfið er málörvun. Helsta námsleið barnanna er leikurinn. Þessi skýringamynd sýnir á einfaldan hátt hvað Efstihjalli stendur fyrir.



4. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla.

Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Efstahjalla skólaárið 2025-2026 eru innra mat, Réttindaskóli Unicef, málörvun og læsi.

Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni alls starfsfólks. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrirfram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

Matsþættir	2024- 2025	2025- 2026	2026- 2027	2027- 2028
Stjórnun				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x	x		x
Stjórnun skólans og daglegur rekstur	x	x		x
Faglegt samstarf	x		x	x
Leikskólaþróun og símenntun	x	x	x	x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis- og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka	x	x	x	x
Námssvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli margbreytileikans	x	x	x	x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskólakennara	x		x	
Fagmennska starfsfólks	x		x	
Starfsánægja	x		x	
Leikskólabragur				
Viðmót og menning		x		x
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi		x		x
Viðhorf foreldra	x	x		x
Innra mat				
Skipulag og viðfangsefni	x	x	x	x
Gagnaöflun og vinnubrögð	x	x	x	x
Opinber birting og umræður	x	x	x	x

Á síðastliðnu skólaári var frjáls leikur og aukið vægi í dagskipulaginu metið. Farið var yfir tímasetningu í dagskipulagi, leikefni, staðsetningu leikefnis, leikumhverfi og hlutverk starfsfólks í leik barna. Matið fór fram reglulega yfir skólaárið t.d. á deildar- og deildarstjórafundum og endurbætur gerðar í kjölfarið, þær metnar og nýjar endurbætur gerðar ef þurfa þótti. Þá var samstarf á milli deilda metið jafnóðum og brugðist við eftir þörfum.

Ytra mat

Tilgangur ytra mats er að tryggja gæði starfsins í leikskólanum, að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerðir og aðalnámskrár leikskóla. Ytra mat á að auka gæði náms og skólastarfs, stuðla að umbótum og tryggja að réttindi, öryggi og vellíðan barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Framkvæmd ytra mats í leikskólanum er meðal annars gert með því að skoða fyrirbyggjandi gögn um starfsemi skóla, heimsóknum, viðtölum við börn, starfsfólk skóla og foreldra af utanaðkomandi aðila. Ytra mat kemur ekki í stað innra mats af því að forsendur þess að leikskólinn nýti sér niðurstöður ytra mats til umbóta er að hann hafi áttað sig á styrk- og veikleikum sínum í gegnum innra mat.

Skólapúlsinn meðal starfsmanna vor 2025.

Viðhorfsskönnun meðal starfsmanna -var framkvæmd í mars 2025. Skólapúlsinn/Vísar rannsóknir sá um framkvæmd og úrvinnslu hennar. -Niðurstöður gefa til kynna hvar má bæta starfsumhverfi og líðan starfsfólks sem og hvort breytingar hafi orðið frá fyrri könnun. Umbótaáætlun byggir á þeim niðurstöðum.

Sama könnun var framkvæmd árið 2022 en er önnur en sú sem gerð var 2024. Því er umbótaáætlun byggð á þeim könnunum, þ.e. 2022 og 2025. Ekki hægt að meta árangur hluta umbótaáætlunar frá síðustu starfsáætlun þar sem könnunin sem hún var byggð á var ekki framkvæmd árið 2025. Líkt og í könnun sem lögð var fyrir 2024 eru niðurstöður á þann veg að ljóst er að starfsmenn Efstahjalla eru mun ánægðari með starfið og starfsumhverfi sitt nú en þeir voru árið 2022. Það er afar jákvætt og gefur tilefni til bjartsýni. Ef horft er til landsins alls og niðurstöður bornar saman við aðra leikskóla er jafnframt ljóst að talsvert

rými er til bætingar. Könnunin sýnir þannig niðurstöður sem eru undir meðaltali á landsvísu á mörgum þáttum. Við sjáum þó stöðuga þróun í jákvæða átt meðal starfsfólks skólans sem stefnt er á að viðhalda og ekki ástæða til að ætla annað að sú þróun haldi áfram.

Niðurstöður starfsmannakönnunar Skólapúlsins 2025 á meðal starfsfólks Efstahjalla benda meðal annars til þess að starfsfólk upplifi mikið álag í starfi og það talsvert meira en á landsvísu. Þessi yfirþáttur sem byggður er upp af þremur spurningum hefur ekki tekið breytingum frá árinu 2022. Álag virðist því viðvarandi og er það áhyggjuefni þó ekki séu það nýjar fregnir né einstakar meðal leikskólastarfsmanna.

Hvernig er hægt að jafna álag og minnka það í leikskólanum? Liðið skólaár var mikið veikindaár hjá starfsfólki og urðu jafnframt talsverðar breytingar á starfsmannahópi skólans, sem er algengur fylgifiskur viðamikilla breytinga. Vonir standa til þess að á skólaárinu verði nýjar áherslur betur festar í sessi, að þjálfun starfsfólks skili sér betur inn í daglegt starf og einnig að aukið faghlutfall muni skila sér í minnkandi og viðráðanlegra álagi.

Mikil og marktæk aukning var á ánægju starfsfólks með starfsaðstöðu sem er afar ánægjulegt en húsnæði og aðstaða starfsfólks hefur gjörbreyst til batnaðar frá árinu 2022. Því til viðbótar var á vormánuðum lögð mikil vinna í að bæta enn frekar starfsumhverfi starfsmanna og barnanna í Efstahjalla og má því gera ráð fyrir að þessi ánægja muni aukast enn frekar. Umhverfi leikskóla hefur oft verið kallað þriðji kennarinn og sú vinna sem lögð hefur verið í að bæta og fegra Efstahjalla mun vafalítið skila sér í frekari ánægju starfsmanna og ekki síst efla faglegt starf í skólanum.

Skólapúlsinn meðal foreldra vor 2025

Þá var einnig lögð fyrir viðhorfskönnun meðal foreldra í febrúar 2025 en sama könnun var framkvæmd árin 2021 og 2023. Framkvæmdar og úrvinnsluaðili er einnig Skólapúlsinn/Vísar rannsóknir. Í foreldrakönnun má sjá afar ánægjulega þróun á nánast öllum mældum þáttum en flestir matsþættir samanstanda af nokkrum spurningum. Sem dæmi má nefna að ánægja foreldra með stjórnun skólans og mat þeirra á ánægju barnsins í leikskólanum hefur aukist verulega frá árinu 2023. Aðrir matsþættir sem sýna talsverða jákvæða þróun frá árinu 2023 eru t.d. þættirnir vinnubrögð, aðstaða og tengsl við starfsfólk leikskólans.

Á spurningu sem tekur til tímasetningar viðburða í leikskólanum hefur ánægja foreldra minnkað frá árinu 2023 og mun verða gripið til aðgerða vegna þessa. Lagt er til að til að bregðast við því að færri foreldrar eru ánægðir með tímasetningu viðburða nú en árið 2023 og til að auðvelda öllum foreldrum að mæta á viðburði að senda út könnun meðal foreldra um hvaða tímasetningar henti þeim best. Þær niðurstöður munu svo verða nýttar til að tímasetja viðburði miðað við þarfir flestra.

Enn eru einhverjir þættir marktækt undir meðaltali landsins alls og sem dæmi má nefna þáttinn “ánægja með leikskólann”, sem mikilvægt er að taka fram er þó meiri á meðal foreldra í Efstahjalla nú en árið 2023. Það kemur þó einnig fram að breytingar hafi orðið á matsþáttum undir þeim lið og varað er við samanburði á milli ára. Þá er einnig marktækur munur á meðaltölum Efstahjalla og landsins alls á þáttunum “félagsleg samskipti” sem hefur farið örlítið niður á við frá árinu 2023 (lækkun um 1,9%) og “þekking á stefnu og námsskrá”. Þrátt fyrir að vera enn undir meðaltali allra leikskóla telja þó 6,8% foreldra í Efstahjalla sig betur upplýsta nú um stefnu og námsskrá en árið 2023 og er það afar jákvæð niðurstaða fyrir skólann og mun sú þekking vonandi koma til með að aukast þar sem byrjað var að innleiða nýja stefnu 2023.

Heilbrigðiseftirlit

Reglubundið eftirlit fór fram í september 2025. Örfáar athugasemdir um smáleg atriði komu fram sem ýmist er verið að bregðast við eða eru í ferli.

Eldvarnareftirlit. Farið er yfir eldvarnir mánaðarlega.

Skólaárið 2025-2026 verður framkvæmd vinnustaðagreining ásamt því að lögð verður fyrir foreldrakönnun á vegum Skólapúlsins.

5. Umbótaáætlun

Umbótaáætlun byggir á niðurstöðu mats og er árangur umbóta metinn formlega og sem hluti af innra mati skólans. Gagna er aflað á fjölbreyttan hátt frá öllum þeim hópum sem koma að skólastarfinu, börnum, foreldrum og starfsfólki. Viðhorfskannanir, skimanir, ferilmöppur, sjálfsmat deilda, samræmd matsblöð leikskóla Kópavogs um námssvið leikskólans og markvissar umræður starfsfólks um starfið eru dæmi um þau gögn sem notuð eru við gerð mats- og umbótaáætlana. Innra mat í Efstahjalla er umbótamiðað og eru niðurstöður þess opinberar og má sjá í fylgisskjali 1.

6. Áherslur í starfi leikskólans

Áherslur í Efstahjalla eru: Fjölmennning, Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og skapandi starf. Málörvun er rauði þráðurinn og leikurinn er námsleiðin. Skólaárið 2025-2026 verður lögð áhersla á Barnasáttmálann með því að stefna að því að vera Réttindaskóli Unicef, málörvun og læsi og innra mat.

- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna og Heimsmarkmið.
- Þetta skólaár verður lögð áhersla á að halda áfram í þeirri vegferð að verða Réttindaskóli. Fræðsla til starfsfólks verður aukin meðal annars með því að verkefnastjórar Unicef munu halda erindi á tveimur starfsdögum á skólaárinu. Þá hefur verið stofnað teymi starfsmanna um innleiðinguna og kraftur settur í hana. Eins verður lögð áhersla á fræðslu til barna og foreldra.
- Verkefnið Okkar leikskóli á vegum Kópavogsbæjar þar sem börnin hafa áhrif á val á leik og námsefni er framkvæmt á hverju ári og verður framkvæmt nú í lok árs 2025. Árið 2024 óskuðu börnin eftir því að útbúið yrði kósíhorn sem og keypt leikföng fyrir hlutverkaleik. Það verður spennandi að heyra frá börnunum nú í ár.
- Áætlun um læsisstefnu. Samantekt á núverandi starfsháttum um læsi og áframhaldandi þróun er í höndum verkefnastjóra málörvunar sem hann vinnur í samráði við deildarstjóra og starfsfólks deilda.
- Viðmið um málstefnu. Leikskólinn hefur myndað málstefnu sem er sýnileg, í stöðugri þróun og innleiðing vel á veg komin.

- Nýjar áherslur í aðalnámsskrá. Á síðastliðnu skólaári voru gerðar breytingar til að bregðast við auknum áherslum í aðalnámsskrá varðandi frjálsan leik barna. Sjálfsprottinn leikur fékk meira rými í dagskipulaginu þannig að börnin fengu aukið val um viðfangsefni og leikrými sem og aukið félagaval.
- Endurskoðun skólanámsskrár. Ný skólanámsskrá er langt á veg komin og verður útgefin á skólaárinu. Áherslubreytingar hafa verið miklar og því þörf á nýrri námsskrá Efstahjalla.
- Hæfniramar í íslensku eru nýttir sem skimunar og stöðukönnun fyrir börn með annað heimamál en íslensku.
- Farsældin. Flest starfsfólk og foreldrar hafa fengið kynningu á farsældarlögum og eru starfandi tveir tengiliðir farsældar í skólanum.
- Lausnateymi er starfandi í skólanum og eru haldnir reglulegir fundir þar sem farið er yfir mögulegar lausnir og aðgerðir. Aðferðir teymisins eru í stöðugri endurskoðun og þróun.

7. Þróunar- og nýbreytnistarf

Á skólaárinu munum við halda áfram að þróa leiðir í málörvun í leik og starfi í fjölbreyttum barnahópi. Á síðastliðnu skólaári var lögð áhersla á að vinna enn frekar með námsefnið *Lubbi finnur málbein* og hvernig málörvun fer fram í leik. Á núverandi skólaári munum við halda áfram að rýna í hvaða leiðir eru árangursríkar í málörvun í leik í fjölbreyttum barnahópi. Einnig munum við innleiða Tákn með tali, nota myndrænar aðferðir í auknu mæli sem og að vinna með og innleiða nýjar aðferðir í læsi. Talsverðar breytingar hafa einnig verið gerðar á starfsháttum sérkennara með nýju teymi sem nefnist Litahellir en teymið er leitt af sérkennslustjóra sem hóf störf haustið 2025. Í teyminu eru þrír leikskólakennaranemar, sálfræðimenntaður starfsmaður og sérkennslustjóri. Starf teymisins er í stöðugri þróun og heldur áfram á skólaárinu.

8. Foreldrasamstarf

Foreldrar/Forsjáraðilar eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans. Til viðbótar við daglegt samstarf um hvert barn eru fjölmargir viðburðir á skólaárinu þar sem hvatt er til þátttöku foreldra. Sem dæmi má nefna er haldin heimamennningarvika, smákökuboð, læsisvikur, fjölskyldukaffi og margt fleira.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða.

9. Starfsfólk

Í Efstahjalla er gert ráð fyrir 12 grunnstöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 60% stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 100% stöðu sérkennslustjóra og 1,75 stöðugildi í eldhúsi. Að auki er ákveðið starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og náms starfsmanna og nemur það 4,94. Áætluð stöðugildi vegna sérkennslu barna eru 4,75. Á skólaárinu munu starfa í Efstahjalla átta handhafar leyfisbréfs til kennslu, fimm nemar í kennslufræðum, sérkennslustjóri, háskólamenntaðir starfsmenn og leiðbeinendur. Í Efstahjalla eru fimm deildarstjórar, þrír þeirra eru með leyfisbréf leikskólakennara, einn er leiðbeinendi og einn er nemi í leikskólakennarafræðum.

Deildarstjóri er yfirmaður hvernar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna. Leikskólinn Efstihjalli tekur á móti unglingum úr Vinnuskóla Kópavogs á hverju sumri. Er það skemmtileg og góð viðbót við starfsmannahópinn.

10. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsfólks. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun (sjá fylgiskjal 2) skólans og þau eru haldin á skipulagsdögum, starfsmannafundum eða fyrir utan leikskólann.

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórða hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn til leikskólanefndar ef um námsferð erlendis er ræða. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins.

- Föstudaginn 12. september: Fræðsla um leik barna, umhverfið sem þriðji kennarinn og hlutverk og viðbrögð starfsfólks.
- Miðvikudaginn 12. nóvember: Fræðsla frá Unicef um Barnasáttmálann og Réttindaskóla Unicef og verkefnastjóri barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn í Kópavogi með fyrirlestur.
- Föstudaginn 16. janúar: Skyndihjálp
- Þriðjudaginn 10. mars: Námskeið um *Lubbi finnur málbein*.
- Föstudaginn 15. maí: Námsferð innanlands

Lögd er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir leikskólastarfið og sækja þau.

11. Aðrar upplýsingar

Í skólanum er rými fyrir 97 börn næsta skólaár á aldrinum 1 til 5 ára. Hlutfall barna með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn er 46% og eru fulltrúar um 20 tungumála í skólanum. Meðaldvalartími allra barna í leikskólanum Efstahjalla í október 2025 er 7.06 klst.

12. Húsnæði og lóð

Skólaárið 2024 - 2025

Í vor bættist við sparkvöllur á leikskólalóðina sem hefur vakið mikla lukku meðal barnanna í Efstahjalla. Einnig verður skipt um hluta klæðningar á útveggjum. Þá var hljóðvist bætt inn á deildum.

Ósk um viðhald skólaárið 2025 – 2026

- Skýli fyrir hjól og kerrur
- Aðgangsstýring í garðinn eða í húsnæði
- Innrétting og vaskur inni á kaffistofu
- Mála leikskólann að utan
- Bæta við salerni á eina af yngri deildum.

13. Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisnefnd og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón.

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Vís.

Skólaárið 2024-2025 voru skráð 2 atvik og átti annað sér stað á bílaplani og hitt á skólalóðinni.

14. Lokaorð

Skólaárið 2025-2026 fór vel af stað. Það hófst á aðlögun nýrra fjölskyldna í Efstahjalla sem gekk vel. Gefið var gott rými fyrir hvern hóp til að aðlagast áður en annar hópur bættist við. Í vor, sumar og nú í upphafi haustsins höfum við tekið á móti nýju starfsfólki sem hefur fallið vel inn í okkar góða hóp í Efstahjalla. Í starfsmannahópnum ríkir einstök gleði, samvinna, metnaður og fagmennska, sem fær að njóta sín á núverandi skólaári. Við förum inn í núverandi skólaár full af metnaði, krafti og tilhlökkun!

15. Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun

Fylgiskjal 3 - Leikskóladagatal

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 1 - Umbótaáætlun						
Viðfangsefni/markmið	Vegna	Aðgerðir til umbóta	Tímarammi	Ábyrgð	Viðmið um árangur	Staða
Réttindaskóli Unicef	Stefnu Kópavogsbæjar og leikskólans Efstahjalla	Fræðsla til starfsfólks, foreldra og barna, Réttindaskólateymi	2025/2026	Leikskólastjóri	Viðurkenning frá Unicef	Hafið
Ánægja foreldra með tímasetningu viðburða	Niðurstöður úr foreldrakönnun	Gera könnun meðal foreldra	Vor 2026	Leikskólastjórnendur	Mælingar úr foreldrakönnun	Ekki hafið
Minnka álag starfsfólks	Niðurstöður úr starfsmannakönnun	Nýjar áherslur festar í sessi, auka faghlutfall og þjálfun starfsfólks	2025/2026	Stjórnendateymi	Mælingar úr starfsmannakönnun	Hafið
Börn komi að mati á leikskólastarfinu	Stefnu Kópavogsbæjar og leikskólans Efstahjalla	Þróa matsaðferð fyrir börnin	2025/2026	Leikskólastjóri, teymi Réttindaskóla og deildarstjórar	Matsgögn frá börnum liggi fyrir	Ekki hafið.
Starfsmannasamtöl regluleg yfir árið	Starfsanda og vellíðunar starfsfólks	Stjórnendur taki frá tíma	2025/2026	Leikskólastjórnendur	Allt starfsfólk hafi fengið samtal.	Hafið
Vinna að jákvæðum og styðjandi starfsanda	Vellíðan starfsfólks og gæðastarfs	Hrósa, miðla upplýsingum, deila ábyrgð. Hópefli, uppákomur í daglegu starfi o.s.frv.	2025/2026	Stjórnendateymi	Mælingar úr starfsmannakönnun	Hafið

Efla málþroska og læsi	Stefnu Kópavogsbæjar og leikskólans Efstahjalla	Ritmál sýnilegra í námsumhverfi, fræðsla um málörvun til starfsfólks, kynna okkur nýjustu rannsóknir og aðferðir og máta við leikskólann	2025/2026	Verkefnastjóri málörvunar og stjórnendateymi	Sjálfsmat deilda-gæðaviðmið	Hafið
Vinna markvisst með heimamenningu allra barna	Stefna leikskólans Efstahjalla	Halda áfram þróun og vinnu með heimamenningu	2025/2026	Stjórnendateymi	Símat yfir árið	Hafið

Fylgiskjal 2 - Símenntunaráætlun						
Þátttakendur	Lýsing á námskeiði	Markmið	Dagsetning	Tímafjöldi	Kostnaður	Ábyrgð
Allt starfsfólk	Deildarfundir	Upplýsingagjöf, fræðsla og fleira	Allt skólaárið	1x í viku	Unnið í vinnutíma	Deildastjórar / Leikskólastjóri
Allt starfsfólk	Starfsmannasamtöl	Til að gefa starfsmanninum tækifæri til að skoða sjálfan sig í stafi og að gefa þeim tækifæri til að koma með ábendingar til stjórnenda um starf leikskólans	Allt skólaárið	30 mín pr. Starfsmann	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri
Nýtt starfsfólk	Nýliðafræðsla	Farið yfir starfsmannahandbókina	Eftir þörfum	ca 45 mín í hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri og deildarstjórar
Allt starfsfólk	Samráð, fræðsla, endurmat	Yfirfara starfsáætlun, stefnur og öryggisþætti	1x á önn	2 tímar= 4 tímar eftir vinnu. Starfsmannafundir	Tekið af yfirvinnukvóta	Leikskólastjóri
Deildarstjórar	Fagnámskeið	Fræðilegar umræður og stefnumótavinna,	4 x á önn	2 tímar x4 = 8 tímar	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Ingibjörg Thomsen með fyrirlestur um leik, leikumhverfi og gæðaleikskólastarf	12.sep	8 tímar	Verktaki	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Fræðsla um Réttindaskóla Unicef og frá verkefnastjóra barna með fjölbreyttan	12.nóv	8 tímar		Leikskólastjóri

		menningar- og tungumálabakgrunn				
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Skyndihjálparnámskeið	16.jan	8 tímar	80.000 - 100.000kr	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagur	Námskeið í notkun námsefnisins Lubbi finnur málbein	10.mars	8 tímar	80.000 kr	Leikskólastjóri
Deildarstjórar	Deildastjórafundir	Skapa umræður um starfið og samstilling stjórnendateymis	1x í viku	1 klst hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri
Allir starfsmenn	Skipulagsdagar	Námsferð	15.maí	8 tímar	Unnið í vinnutíma	Leikskólastjóri
Starfsmenn Litahellis/sérkennsluteymi	Samráðsfundir með sérkennslustjóra	Umræður um starfið sem og fræðsla frá sérkennslustjóra tengd starfinu	1x í viku	60 min hvert skipti	Unnið á vinnutíma	Sérkennslustjóri og Leikskólastjóri
Leiðbeinendanámskeið	Námskeið á vegum Kópavogsbæjar	Fræðsla um menntun leikskólabarna	6x á önn	2 klst	Unnið á vinnutíma	Leikskólastjóri

Fylgiskjal 3 - Skóladagatal 2025-2026

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2025 - 2026

Nafn skóla: Leikskólinn Efstihjalli

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 F	Sumartökun	1 M		1 M		1 L		1 M	Fúlvéldisdagurinn	1 F	Nýrindagur	1 S		1 S		1 M	Skóringardagur	1 F	Verkjaldisdagurinn	1 M		1 M	
2 L		2 Þ		2 F		2 S		2 Þ		2 F	Skóringardagur	2 M		2 M		2 F	Skóldagur	2 L		2 Þ		2 F	
3 S		3 M		3 F		3 M		3 M		3 L		3 Þ		3 Þ		3 F	Festudagurinn langi	3 S		3 M		3 F	
4 M	Fíldagur verslunaranna	4 F		4 L		4 Þ		4 F		4 S		4 M		4 M		4 L		4 M		4 F		4 L	
5 Þ	Sumartökun	5 F		5 S		5 M		5 F	Bráðskuból - Raufur dagur	5 M		5 F	Fjólskyttuæfi	5 F		5 S	Þáskudagur	5 Þ		5 F		5 S	
6 M	Sumartökun	6 L		6 M		6 F		6 L		6 Þ	Þröðindinn	6 F	Dagur leikskólans	6 F		6 M	Annar í Þáskum	6 M		6 L		6 M	
7 F	Skólar opna kl: 13:00	7 S		7 Þ		7 F	Grænn dagur	7 S		7 M		7 L	Dagur trúfátarskiðans	7 L	Charlotte 13 ára	7 Þ		7 F		7 S	Sönnunardagurinn	7 Þ	Skólar loka kl: 13:00
8 F		8 M	Dagur læisla	8 M		8 L	Þröðindagur gagn eirelli	8 M		8 F		8 S		8 S		8 M		8 F	Dóladagur	8 M		8 M	Sumartökun
9 L		9 Þ		9 F		9 S		9 Þ		9 F	Rafmagnslausi dagurinn - veðfjalladagur	9 M		9 M		9 F		9 L		9 Þ		9 F	Sumartökun
10 S		10 M		10 F	Dóladagur	10 M	Læsisvitur hefst	10 M	Jólamatur og skemmtun	10 L		10 Þ		10 Þ	Skólagæddagur	10 F		10 S		10 M		10 F	Sumartökun
11 M		11 F		11 L		11 Þ		11 F		11 S		11 M	Dagur íslenska tókmalans	11 M		11 L		11 M		11 F		11 L	
12 Þ		12 F	Skólagæddagur	12 S		12 M	Skólagæddagur	12 F		12 M		12 F		12 F		12 S		12 Þ		12 F		12 S	
13 M		13 L		13 M		13 F		13 L		13 Þ		13 F		13 F		13 M	Heimamenningsvika	13 M		13 L		13 M	Sumartökun
14 F		14 S		14 Þ		14 F		14 S		14 M		14 L		14 L	Dagur stærðfræðinnar	14 Þ	Heimamenningsvika	14 F	Uppfyllingardagur	14 S		14 Þ	Sumartökun
15 F		15 M		15 M	Efstihjall 43 ára	15 L		15 M		15 F		15 S		15 S		15 M	Heimamenningsvika	15 F	Skólagæddagur	15 M		15 M	Sumartökun
16 L		16 Þ	Dagur íslenskrar náttúru	16 F		16 S	Dagur íslenskrar tungu	16 Þ		16 F	Skólagæddagur	16 M	Bokudagur	16 M		16 F	Heimamenningsvika	16 L		16 Þ	17. júní skólaþingur	16 F	Sumartökun
17 S		17 M		17 F		17 M		17 M		17 L		17 Þ	Spengidagur	17 Þ		17 F	Heimamenningsvika	17 S		17 M	Lýðveldisdagurinn	17 F	Sumartökun
18 M		18 F		18 L		18 Þ		18 F		18 S		18 M	Óskudagur	18 M		18 L		18 M		18 F		18 L	
19 Þ		19 F		19 S		19 M		19 F		19 M		19 F	Skóringardagur	19 F		19 S		19 Þ		19 F		19 S	
20 M		20 L		20 M		20 F	Dagur menntandi barna	20 L		20 Þ		20 F	Skóringardagur	20 F	Sókkadagur	20 M		20 M		20 L		20 M	Sumartökun
21 F		21 S		21 Þ		21 F	Lokadagur læisla vikna	21 S		21 M		21 L		21 L	Alþjóðlegi Downs dagurinn	21 Þ		21 F		21 S		21 Þ	Sumartökun
22 F		22 M		22 M		22 L		22 M		22 F		22 S	Konudagur - upphaf Gíla	22 S		22 M		22 F		22 M		22 M	Sumartökun
23 L		23 Þ		23 F		23 S		23 Þ	Þorlákamessa	23 F	Bíldadagur - Lopadagur	23 M		23 M		23 F	Sumardagurinn fyrsti	23 L		23 Þ		23 F	Sumartökun
24 S		24 M	Kynning á vetrarætti	24 F	Háskun upp á þingsdaginn	24 M		24 M	Aftengidagur jóla	24 L		24 Þ		24 Þ		24 F		24 S	Hvítasunnudagur	24 M		24 F	Sumartökun
25 M		25 F		25 L	Fyrsti vetrardagur	25 Þ		25 F	Jóladagur	25 S		25 M		25 M		25 L		25 M	Annar í Hvítasunnu	25 F		25 L	
26 Þ		26 F	Eftirþeki tungumáladagurinn	26 S		26 M		26 F	Annar í jólam	26 M		26 F		26 F		26 S		26 Þ		26 F	Fæðingardagur forseta Íslands (GTH)	26 S	
27 M		27 L		27 M	Skóringardagur	27 F		27 L		27 Þ		27 F	Bíldadagur í tæhni konudaga	27 F	Óskudagur	27 M		27 M		27 L		27 M	Sumartökun
28 F		28 S		28 Þ	Skóringardagur	28 F		28 S		28 M		28 L		28 L		28 Þ		28 F		28 S		28 Þ	Sumartökun
29 F		29 M		29 M		29 L		29 M	Skóringardagur	29 F				29 S	Þámasunnudagur	29 M		29 F		29 M		29 M	Sumartökun
30 L		30 Þ		30 F		30 S		30 Þ	Skóringardagur	30 F				30 M	Skóringardagur	30 F		30 L		30 Þ		30 F	Sumartökun
31 S				31 F	Hvítjónsvaka			31 M	Gamlindagur	31 L				31 Þ	Skóringardagur			31 S				31 F	Sumartökun

Fylgiskjal 4 - Umsögn foreldraráðs

Tillögur / hugmyndir að umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs (þessir punktar eru einungis hugsaðir til að hafa til hliðsjónar fyrir foreldraráð við yfirlestur starfsáætlunar)

Inngangur/almennt

T.d. hlutverk ráðsins (er m.a. að gefa umsagnir um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans, sbr. 11. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og á grundvelli þess er eftirfarandi umsögn veitt)

Umsögn:

Hvernig er starfsáætlunin unnin?

- Er hún metnaðarfull?
- Lýsir hún starfsemi leikskólans;
 - markmiðum, áherslum og leiðum?
 - hvernig unnið er með börnunum til að þeim líði sem best?
 - hvernig starfsemin fléttast áherslupáttum leikskólans?
 - fyrirhugaðri foreldrasamvinnu – upplýsingum til foreldra
 - foreldraviðtölum, og hvernig hægt er að nálgast upplýsingar um starfsemina?
 - hvernig matið í leikskólanum fer fram og hvaða matstæki eru notuð?
- Gefur hún yfirlit yfir starfsmannahópinn (menntun, reynslu o.fl.)

Lokaorð:

T.d. í heildina telur foreldraráð að starfsáætlunin sé vel unnin og lýsi vel því starfi sem framundan er.

Undirskrift foreldraráðs